

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – Tröllabörn

Tröllabörn er nafn á hraundrýlum sem eru staðsett skammt neðan Lækjarbotna við Suðurlandsveg. Tröllabörn mynduðust í eldgosinu úr eldstöðinni Leitum austan Bláfjalla fyrir 5.000 árum. Þá flæddi hraun yfir mýrlendi, eða stöðuvatn, sem varð til þess að vatnsgufa safnaðist fyrir undir þunnu, nýstorknuðu hrauni og braut sér síðan leið í gegn.¹ Kvikuslettur hlóðust þá upp um ústreymisopið og mynduðu þessi hraundrýli. Tröllabörn voru friðlýst sem náttúruvætti árið 1983.²

Framkvæmd

Tröllabörn voru heimsótt þann 4. júlí 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Svæðið var gengið og mat lagt á innviði, ástand gróðurs og jarðminja. Notast var við FieldMaps forritið til að taka myndir og skrásetja innviði, jarðminjar og skemmdir á gróðri ásamt því að skrá gönguslóðir og hentistíga. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Þar að auki var dróni notaður til að gera myndkort af svæðinu.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Við svæðið er bílastæði sem rúmar 2 bíla auk hringtorgs sem einnig getur nýst sem bílastæði, við hringtorgið er svo skúr sem tengist raflögnum (er þó utan friðaða svæðisins). Við bílastæðið er upplýsingaskilti (á vegum Kópavogsbæjar) með vandaðar upplýsingar um myndun hraundrýla en það er þó orðið nokkuð veðurbarið. Malarstígur úr aðfluttri mól beinir fólki síðan inn á svæðið. Á norðurjaðri svæðisins er línuvegur/reiðstígur sem er samsíða háspennulínunum sem liggja yfir svæðið. Jarðstrengur liggur í gegnum svæðið og er lega hans mörkuð með stikum. Frá línuveginum liggur akslóði upp að gígnum Gráhól. Við Gráhól eru líka húsatóftir eða leifar af garði.

Tröllabörn, eða hraundrýlin, eru um það bil 10 en eru misheilleg og greinileg. Sjö þeirra eru allheilleg með greinilegum upphleyptum gígbörmum og laut eða holu í miðjunni, önnur koma fram sem grónir hólar eða stakir steinar sem eru hlutar af börmum hraundrýlis. Barmar hraundrýlanna eru lagskiptir þar sem þeir eru byggðir upp af hraunslettum sem skjótast upp um op drýlanna. Barmarnir eru nokkuð sterkbyggðir en þó geta lagskiptir barmarnir brotnað við mikinn átroðning. Einnig má gera ráð fyrir að það brotni upp úr börmunum vegna náttúrulegs rofs en erfitt getur reynst að greina á milli hvort rofið sé náttúrulegt eða af mannavöldum. Innan á börmum drýlanna má sjá hvar hraunið hefur lekið niður barmana er það storknaði og myndað sérkennilega áferð og dropasteina. Í öllum drýlunum má sjá hvar

brotnað hefur upp úr innviðum barmanna, líklega er búið að brjóta flest alla lögulega dropasteina en að öðru leiti eru innviðir drýlanna nokkuð heillegir.

Á sunnanverðu svæðinu er gervígabyrping, þrátt fyrir að þeir virðist að mestu vera óraskaðir eru sumir þeirra illgreinilegir en líklega eru þeir 5 eða 6. Langstærstur þeirra er gígur sem nefnist Gráhóll, sem er um 70 m í þvermál. Við austurjaðar Gráhóls eru nokkuð áhugaverðar klettamyndanir meðal annars vegna gats sem er í gegnum einn klettinn (1.mynd). Á þrem stöðum er búið að koma fyrir steypustyrktarjárn í klettana en tilgangur þess er óljós og væri líklega rétt að fjarlægja þau (2.mynd).



1.mynd: Hér er hægt að sjá gatið sem hefur myndast í einum klettinum við Gráhól.

Á svæðinu má sjá tvo hentistíga eftir gangandi vegfarendur, einn liggur frá gönguleiðinni við bílastæðið en hinn liggur frá húsatóftunum og meðfram Gráhól að sunnanverðu. Akslóði sem liggur frá línuveginum virðist vera í lítilli notkun og orðinn nokkuð gróinn. Við sum drýlin má sjá álag á gróðri þar sem fólk er að labba inn í þau, þar er gróðurþekja minni og gróður lágvaxinn. Á loftmynd má hugsanlega greina hvar



2.mynd: Steypustyrktarjárn í klettunum við Gráhól

jarðstrengurinn var lagður en það er ekki greinilegt á staðnum að öðru leiti en því að það sjást stikur. Á tveim stöðum mátti sjá rusl, málmhrúgu og skammt frá teppabút.

Á svæðinu fundust nokkrar lúpínuplöntur (*Lupinus nootkatensis*) en þær voru hvergi farnar að mynda breiður, hins vegar eru nokkrar lúpínubreiður við jaðar svæðisins. Inni í einu drýlinu var mikið af mjaðurt (*Filipendula ulmaria*) sem og við húsatóftirnar, verður að teljast líklegt að hún hafi borist á svæði frá aðliggjandi görðum. Við bílastæðið fannst planta sem við teljum vera skógarvatnsbera (*Aguilegia vulgaris*) eða önnur vatnsberategund, þó svo að plantan væri stök mátti sjá rótarskot vera að koma upp við hlið hennar (3.mynd).

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Almennt virðist umferð um svæðið vera nokkuð takmörkuð og hafa lítil áhrif á ásýnd þess. Líklega eru skemmdir á dropasteinum að mestu gamlar en drýlin voru meðal annars notuð sem fjárskjól á árum áður.³ Fræðslugildi svæðisins er mikið þar sem einstakt er að jafn formfagur hraundrýli séu svo aðgengileg. Hætta er á að lúpína muni dreifa sér hratt um svæðið næstu árin og er vert að fylgjast með ágangi hennar. Gróðurskemmdir við hraundrýlin eru takmarkaðar en gætu orðið vandamál ef umferð um svæðið eykst.

Álag á svæðinu vegna ferðamanna sé takmarkaður og því væri nóg að heimsækja svæðið með nokkurra ára millibili.



3.mynd: Planta við bílastæði Tröllabarna sem við teljum vera skógarvatnsberi (*Aguilegia vulgaris*)

Heimildir

1. Jón Jónsson. 1971. Hraun í nágrenni Reykjavíkur I. Leitahraun. Náttúrufræðingurinn 41 (2), 49-63.
2. Auglýsing um friðlýsingu Tröllabarna í Lækjarbotnum, Kópavogi. Stjórnartíðindi B 294/1983 (sérprentun 439).
3. Snæbjörn Guðmundsson. (2022). Hvernig mynduðust Tröllabörn í Lækjarbotnum? Vísindavefurinn. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=72483>